Nr. 18.
3.
október.

Lög

um

kosningar til alþingis.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. kafli.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrjett til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands veitir rjett til kosninga, með þeim nánari ákvörðunum, sem eru teknar fram hjer á eptir.

2. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi, eða sje bú hans undir skiptameðferð sem gjaldþrota.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eptirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefur heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Valgene til Altinget.

Nr. 18.
3die
Oktober.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

1ste Afsnit.

Valgret og Valgbarhed.

§ 1.

Valgret til Altinget tilkommer, med de i det følgende angivne nærmere Bestemmelser, alle dem, som Forfatningslov for Islands særlige Anliggender tilstaar Valgret.

§ 2.

Ingen kan udøve Valgret, medmindre han har et uplettet Rygte. Som uberygtet kan ingen anses, der ved Dom er funden skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling, medmindre han har faaet Æresoprejsning.

§ 3.

Ingen kan udøve Valgret, som er under Værgemaal, eller hvis Bo er under Fallitbehandling.

§ 4.

Ingen kan udøve Valgret, som nyder Understøttelse af det almindelige Fattigvæsen, eller som har modtaget nogen saadan Hjælp, medmindre den enten er tilbagebetalt eller eftergiven.

§ 5.

Valgret kan kun udøves af den, som paa den Tid, Valget foregaar, har haft fast Ophold i Valgkredsen i 1 Aar.

Den, som har fast Bopæl paa flere Steder, bestemmer selv, paa hvilket af disse han vil gøre sin Valgret gældende.

Nr. 18. 6. gr.

3. október. Um kjörgengi til alþingis fer eptir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

2. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni, og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr.

Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skipta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skipta að öðru leyti með sjer verkum.

3. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr.

Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skipt kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sjerstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fyrir 1. júlímánaðar

§ 6.

Med Hensyn til Valgbarhed til Altinget forholdes efter Bestemmelserne i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender.

2det Afsnit.

Valgbestyrelser.

§ 7.

For hver Valgkreds dannes en Overvalgbestyrelse. Den bestaar af Sysselmanden eller Byfogden og 2 af Sysselforstanderskabet, eller, saafremt en Købstad udgør en Valgkreds for sig, af Byraadet valgte Medlemmer, det ene af dets egen Midte og det andet blandt de øvrige Vælgere. Paa samme Maade vælges 2 Suppleanter i Overvalgbestyrelsen.

Faar det ene af de valgte Medlemmer af Overvalgbestyrelsen Forfald, træder Suppleanten af samme Klasse i hans Sted. Bliver Overvalgbestyrelsen af en eller anden Grund ikke fuldtallig, tilkalder Formanden Medlemmer i de ledige Pladser blandt Vælgerne. Sysselmanden eller Byfogden er Overvalgbestyrelsens Formand.

§ 8.

Overvalgbestyrelsen fører en af Landshøvdingen autoriseret Valgbog, hvori den indfører Beretning om alle sine Handlinger, Udsendelse og Modtagelse af Stemmesedler og Skrivelser, Afgørelser, Antallet af Stemmer, Valgenes Udfald og andet deslige.

§ 9.

I hver Rep dannes en Undervalgbestyrelse, der bestaar af Repstyreren (i Fald der er 2 Repstyrere, den ældste), Repsforstanderskabets Formand og et af Repsforstanderskabet blandt de øvrige Vælgere valgt Medlem. Saafremt Repstyreren tillige er Repsforstanderskabets Formand, vælger dette to Medlemmer af Valgbestyrelsen.

I Købstæderne vælger Byraadet en Undervalgbestyrelse, een for hver Købstad, medmindre den udgør flere end een Valgkreds, i hvilket Fald det vælger Undervalgbestyrelse for hver af Valgkredsene. Enhver Købstadvalgkreds kan af Bybestyrelsen inddeles i Undervalgkredse, saaledes at der for hver Undervalgkreds vælges en Undervalgbestyrelse.

Undervalgbestyrelserne vælge selv deres Formænd og fordele i øvrigt Forretningerne mellem sig.

3die Afsnit.

Affattelse af Valglister.

§ 10.

Valglisterne affattes af Bybestyrelserne i Købstæderne, og af Repsforstanderskaberne i Repperne. Har Bybestyrelsen inddelt Valgkredsen i Undervalgkredse, affattes særskilt Valgliste for hver Undervalgkreds.

§ 11.

Paa Valglisten optages alle de i Reppen eller Købstaden bosatte, som ved Listens Affattelse ere valgberettigede i vedkommende Valgkreds eller inden den næst

Nr. 18. 3. október, næst á eptir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að geta neytt kosningarrjettar þar. Rita skal í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda eptir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

12. gr.

Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sjer skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrjett, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarrjettar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett.

13. gr.

Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sje fullbúin 1. dag febrúarmánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaptans dag hvern næstu 14 daga eptir að hún var lögð fram. Staðfest eptirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje sleppt af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eptirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

16. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefur eptirlit með, að fylgt sje fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt

paafølgende 1ste Juli ville opfylde de for Udøvelse af Valgret sammesteds fastsatte Betingelser. Valglisterne skulle i forskellige Rækker indeholde Vælgernes fulde Navn efter Bogstavfølge, Bopæl, Livsstilling og Alder.

§ 12.

Valglisterne skulle affattes een Gang hvert Aar. De, som ikke ere valgberettigede ved Valglistens Affattelse, men som kunne ventes i Løbet af det Aar, for hvilket Valglisten skal gælde, at ville opfylde de til Valgret fornødne Betingelser, blive at opføre paa en særskilt Liste med Angivelse af den Dag i Aaret, da hver især bliver valgberettiget.

§ 13.

Valglisterne skulle affattes i Januar Maaned, saaledes at de ere fuldt færdige den 1ste Februar, hvilken Dag de skulle fremlægges til Eftersyn paa et eller flere bekvemme Steder i Reppen eller Købstaden. Fremlæggelsens Sted bekendtgøres forud med 14 Dages Varsel paa den for offentlige Kundgørelser paa vedkommende Sted brugelige Maade. Valglisterne skulle ligge fremme fra Kl. 9 Formiddag til Kl. 6 Eftermiddag daglig de næste 14 Dage efter Fremlæggelsen, der kan ske i bekræftede Afskrifter.

§ 14.

Inden Forløbet af 3 Uger fra Valglisternes Fremlæggelse skal enhver, som vil klage over, at nogen er udeladt af samme, eller at en uberettiget derpaa er optaget, indgive sin Klage til vedkommende Kommunalbestyrelses Formand med Angivelse af de Grunde, hvorpaa den er støttet. Gaar Klagen ud paa, at nogen uberettiget er optaget paa Valglisten, har vedkommende Kommunalbestyrelses Formand inden 3 Dage at sende den, imod hvem Indsigelse er gjort, en Genpart af Klagen, hvilken Genpart skal tilstilles Modtageren ved et Bud.

§ 15.

De mod Valglisterne saaledes fremkomne Erindringer paakendes af vedkommende Kommunalbestyrelse i et offentligt Møde, som afholdes i Løbet af de paafølgende 3 Uger. Til dette Møde tilsiges med 8 Dages Varsel saavel de, som have fremført Erindringer, som de, imod hvem Indsigelse er gjort. Efter de af Parterne fremlagte Dokumenter og de af dem fremstillede Vidners Forklaringer afgøres de opstaaede Spørgsmaal, hvorom en kort Kendelse tilføres den paagældende Kommunalbestyrelses sædvanlige Forhandlingsprotokol. De derefter berigtigede Valglister underskrives af samtlige vedkommende Kommunalbestyrelses Medlemmer. I Aarets Løb kan herefter ingen Forandring foretages uden i Henhold til Dom.

§ 16.

Valglisterne skulle udfærdiges i 2 Eksemplarer, af hvilke det ene inden 1ste April sendes til vedkommende Overvalgbestyrelses Formand. Denne har inden 1ste Maj at indberette til Landshøvdingen, om han har modtaget samtlige Valglister, og i modsat Fald, hvilke der savnes. Landshøvdingen fører Tilsyn med, at Bestemmelserne i denne Paragraf efterkommes.

§ 17.

Den, som er utilfreds med den Kendelse, hvorved Valgret er nægtet ham, kan fordre sig en Udskrift af samme meddelt uden Betaling og indbringe Sagen for Dom-

Nr. 18. 3. október.

málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eptirrit af dóminum.

18. gr.

Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning optar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eptirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

4. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skript sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sjer í línu og ríflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sje minni að þvermáli að innan en $^1/_4$ úr þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $^1/_{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

O	
O	
O	

Seðillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr.

Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal

stolene. Saadanne Sager behandles gæsteretsvis. Parterne ere i første Instans fritagne for at erlægge Retsgebyrer, ligesom der af det offentlige skal beskikkes en Mand til at møde for den indstævnte Kommunalbestyrelse. Opnaar vedkommende Dom for at være valgberettiget, skal han optages paa Valglisten, saasnart han fremlægger en Udskrift af Dommen.

§ 18.

Valglisterne gælde fra 1ste Juli til 30te Juni i det paafølgende Aar, begge Dage inklusive. Efter disse Lister foretages alle Valg til Altinget i Aarets Løb. De paa Tillægslisten (§ 12) opførte Mænd ere kun stemmeberettigede, dersom de inden Valgdagen have opfyldt de fastsatte Betingelser. Dersom der i Aarets Løb gentagne Gange foretages Valg, skal en af den paagældende Kommunalbestyrelse bekræftet Afskrift af Listerne benyttes ved de senere Valghandlinger.

4de Afsnit.

Forberedelser fra Valgbestyrelsens Side.

§ 19.

Naar den for Valgkandidaters Anmeldelse fattsatte Frist (§ 23) er udløben, skal Overvalgbestyrelsen uden Ophold lade forfærdige Stemmesedler for sit Valgdistrikt, hvor Valg skal finde Sted. Men har der ikke meldt sig flere Kandidater til Valg i en Valgkreds, end der skal vælges, behøver intet Valg at finde Sted, hvorimod Valgbestyrelsen erklærer Valgkandidaten eller Valgkandidaterne valgt eller valgte. Stemmesedler skulle forfærdiges af Papir, som Tryk eller Skrift ikke kan ses igennem, naar Skriften vender nedad. De bør alle være nøjagtig lige store, af samme Form og samme Farve.

Paa hver Seddel skulle opføres efter Bogstavfølge med tydeligt og stort Tryk Navnene paa alle Valgkandidater i Valgkredsen.

Hvis to eller flere Valgkandidater i samme Valgkreds have det samme fulde Navn, skulle de til Skelnemærke betegnes med Bopæl eller Livsstilling.

Hver Kandidats Navn skal danne en Linie for sig med et rigeligt Mellemrum mellem Linierne. Foran Navnene skal der være et passende aabent Rum, og foran hver enkelt Kandidats Navn en trykt fed Cirkel, som i indvendigt Gennemsnit holder mindst $^1/_4$ Tomme og hvis Periferi udgør mindst $^1/_{12}$ Tomme i Bredden. En Stemmeseddel bør have omtrent dette Udseende:

○	
○	
○	

Seddelen skal have en Bredde af omtrent 5 Tommer.

§ 20.

Landshøvdingen besørger Trykningen af Blanketter til Stemmesedlerne og sender dem til Overvalgbestyrelserne. Overvalgbestyrelsen besørger Stemmesedlernes

Nr. 18. 3. október. vandlega gæta þess, að eigi sjeu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr.

Sjö dögum eptir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgjörðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eptir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerepti og með áprentaðri utanáskript til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: „ógildir seðlar“ og á tvö: „afgangsseðlar“.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereptsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskript sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

5. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

23. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmennsku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minnsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmennsku, um að þeir styðji kosningu hans.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

24. gr.

Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að allt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Udstyrelse iøvrigt, under nøje Iagttagelse af, at Sedlerne ikke gøres fuldfærdige i et større Antal end der sendes til Undervalgbestyrelserne, hvorhos den bør undgaa at lade nogen se Stemmesedlerne inden deres Udsendelse.

§ 21.

Syv Dage efter Udløbet af Anmeldelsesfristen skulle Stemmesedlerne være fuldt færdige, og Dagen efter har Overvalgbestyrelsen paa nærmeste Poststation at indlevere til Besørgelse som anbefalet Forsendelse de Sedler, som skulle tilstilles hver Undervalgbestyrelse, med mindre det er nødvendigt at afsende dem med et Ilbud. Til hver Undervalgbestyrelse sendes ligesaa mange Sedler, som der findes Vælgere paa Valglisten for dens Omraade, og 10 pCt. der udover. Sedlerne skulle forsendes i omhyggelig Indpakning, forseglet med Overvalgbestyrelsens Embedssegl saa omhyggeligt, at Indpakningen ikke kan aabnes og Sedlerne udtages uden at bryde Seglet.

§ 22.

Samtidig med at Overvalgbestyrelsen sender Undervalgbestyrelserne Stemmesedlerne, skal den med hver Forsendelse lade følge Konvolutter fodrede med stærkt Lærred med Overvalgbestyrelsens paatrykte Adresse. Hver Undervalgbestyrelse skal have tilstillet 4 Konvolutter paatrykte i nederste Forhjørne: paa to „ugyldige Sedler“ og paa to „tiloversblevne Sedler“.

Disse Konvolutter bør være saa store, at alle Sedler af hver af de nævnte Arter kunne rummes i een Konvolut, medens de andre Konvolutter haves i Reserve. Desuden skal Overvalgbestyrelsen lade medfølge en stor og stærk med Lærred fodret Konvolut med sin paatrykte Adresse samt i øverste Forhjørne Undervalgdistriktets Navn, i hvilken Konvolut de andre Konvolutter skulle lægges. Overvalgbestyrelsen har samtidig at tilsende hver Undervalgbestyrelse i Valgdistriktet en autoriseret Valgbog til Afbenyttelse ved Valghandlingen, samt en Meddelelse om, hvilke Valgkandidater der er anmeldte.

5te Afsnit.

Valgkandidaters Anmeldelse og deres Repræsentanter.

§ 23.

Enhver, som stiller sig til Valg til Altinget, har at gøre skriftlig Anmeldelse derom til Overvalgbestyrelsen i Valgkredsen saa betids, at Anmeldelsen kommer den i Hænde ikke senere end 4 Uger før Valgdagen.

Anmeldelser som Valgkandidat skulle være ledsagede af en skriftlig Erklæring fra i det mindste 12 Vælgere i den Valgkreds, i hvilken han stiller sig til Valg, om at de støtte hans Valg. Det er ikke nødvendigt, at Valgkandidaternes Valgbarhed godtgøres for Valgbestyrelsen, men Spørgsmaalet herom bliver i Tilfælde af Valg at afgøre af Altinget.

Ingen maa stille sig til Valg i mere end een Valgkreds. Handler nogen herimod, bliver det eller de Valg, der falde paa ham, ugyldige.

§ 24.

Enhver Valgkandidat har Ret til, naar han ikke er selv til Stede, at give en eller to Mænd i hver Rep Fuldmagt til at varetage hans Interesser ved Valghandlingen. Disse Repræsentanter ere berettigede til at overvære Afstemningen paa Valgmøderne og paase, at alt gaar lovlig til, men de ere pligtige at underkaste sig de af Valgbestyrelsen for Mødet fastsatte Regler.

Nr. 18. 3. október.

6. kafli.

Kjördagur.

25. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fara fram næsta virkan dag á undan.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eptir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

7. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gjöra það torvelt að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herbergnu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan, Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr.

Nægum tíma áður en kosningar eptir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn, skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnum í landinu, og annast um sending þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gjörð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eptir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 6 þuml. löng, $^1/_4$ þuml. víð að ofan, en víðari að neðan. Með kössunum skal og senda sterka ljereptspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

6te Afsnit.

Valgdagen.

§ 25.

Naar almindelige ordinære Valg foretages, skal Valgdagen være den samme over hele Landet, nemlig den 10de September. Falder denne Dag paa en Søndag, foretages Valgene den næst foregaaende Søgnedag.

Saavel i dette Tilfælde, som naar der efter Opløsning foretages almindelige Valg, gælde samtlige Valg fra den almindelige Valgdag, selv om et eller flere enkelte Valg ikke ere foretagne paa denne.

7de Afsnit.

Valgsted, Valglokale, Stemmekasse.

§ 26.

Valgsted i hver Rep skal i Almindelighed være Reppens Tingsted. Saafremt Mangler ved Lokalet paa Tingstedet eller andre Omstændigheder lægge Hindringer i Vejen for Valgmødets Afholdelse sammesteds, har Overvalgbestyrelsen Ret til at bestemme et andet Valgsted, hvor brugeligt Lokale kan faas, hvorhos Stedet bør være saa nær ved Tingstedet, som det uden Vanskelighed kan ske. Hvis Valgmødet afholdes paa et andet Sted end Tingstedet, skal Stedet af Overvalgbestyrelsen bekendtgøres ved Reppens Kirker 8 Dage før Valgmødet.

§ 27.

I det Lokale, hvor Valget foregaar, skal der være et andet tilstødende Rum saaledes indrettet, at det ikke har nogen Indgang undtagen fra Valglokalet; kan et saadant Lokale ikke faas, kan der anbringes et Forhæng foran et af Valglokalets Hjørner, saaledes at man ikke kan se derind.

Foran Vinduer, der maatte være paa Rummet eller paa det ved Forhæng afdelte Hjørne, skal anbringes et Gardin, saa at man ikke kan se derind udefra, hvorhos Gardinet bør naa saa langt uden for Vinduet, at en Stemmeseddel ikke kan stikkes ud til Vinduet, saaledes at den kan ses udefra. Gardinets Kanter skulle paa et passende Antal Steder være befæstede til Væggen med Valgbestyrelsens Segl. I Rummet eller det afdelte Hjørne skal være et lille Bord, som man kan skrive ved.

§ 28.

Betids, førend Valg efter nærværende Lov skulle foretages første Gang, har Regeringen at lade forfærdige Stemmekasser til alle Undervalgbestyrelser i Landet og besørge deres Forsendelse. Kasserne skulle alle være udstyrede paa samme Maade, Længde ikke under 12 Tommer, Bredde 8 Tommer og Højde 6 Tommer, Laag med Hængsel, og forsynede med en god Laas. Langs Midten af Laaget skal der være en Revne, 6 Tommer lang, $^1/_4$ Tomme bred foroven og bredere forneden. Med Kasserne skulle ogsaa følge stærke Lærredsposer af passende Størrelse, til at lægge Kasserne i, naar Undervalgbestyrelsen sender dem til Overvalgbestyrelsen.

Omkostningerne herved udredes første Gang af Landskassen, men hvis det senere viser sig nødvendigt at forny Kasser og Poser, som Repstyreren eller Byfogden har at opbevare omhyggelig, bekoster vedkommende kommunale Kasse Fornyelsen.

Nr. 18. 3. október.

8. kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

30. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur gjör að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eptir.

8de Afsnit.

Valghandlingen.

§ 29.

Valgmødet aabnes Kl. 12 Middag, til hvilken Tid alle Medlemmerne af Undervalgbestyrelsen skulle give Møde paa Valgstedet; ere de ikke alle mødte, tilkalde de tilstedeværende Medlemmer af Valgbestyrelsen en god Mand eller Mænd blandt Vælgerne til at tage Sæde i Valgbestyrelsen, og beholde disse deres Sæde i samme, selv om de andre senere komme til Stede.

§ 30.

Saa længe Valghandlingen staar paa, maa aldrig mere end eet Medlem af Valgbestyrelsen paa en Gang forlade Lokalet; den, som gaar ud, skal overdrage et andet Medlem af Valgbestyrelsen sit Hverv saa længe.

§ 31.

Valgbestyrelsen skal sidde ved et Bord i Valglokalet; foruden Valgbestyrelsen maa ingen være inde i Valglokalet undtagen een Vælger ad Gangen, og een eller to Repræsentanter for hver Valgkandidat (§ 24) saafremt disse ikke selv ere til Stede.

§ 32.

Valghandlingen aabnes af Valgbestyrelsens Formand ved Fremlæggelsen af den Seddelpakke, som han har modtaget fra Overvalgbestyrelsen, og skulle alle tilstedeværende lægge nøje Mærke til, om Seglene ere uskadte, eller Pakken bærer Spor af at have været aabnet. Bemærkning herom tilføres Valgbogen og underskrives af Valgbestyrelsen og Valgkandidaterne eller deres Repræsentanter. Dernæst aabner Formanden Pakken og tæller Sedlerne, der ogsaa tælles af de andre Medlemmer af Valgbestyrelsen og af Valgkandidaterne eller deres Repræsentanter; der skal gives Agt paa, om Sedlernes Antal stemmer med det i den Skrivelse, som Overvalgbestyrelsen skal lade medfølge hver Seddelpakke, opgivne Tal. Bemærkning herom tilføres Valgbogen og underskrives af Valgbestyrelsen samt Valgkandidaterne eller deres Repræsentanter.

§ 33.

Inden Afstemningen begynder, beskikker Valgbestyrelsen to eller flere Dørvogtere, som afløse hinanden.

Naar Valgbestyrelsen har tilkendegivet Dørvogteren, at der skrides til Afstemning, indlader denne en Vælger ad Gangen.

Opstaar der Meningsforskel om, i hvilken Orden Vælgerne skulle komme til, skal Rækkefølgen paa Valglisten være den bestemmende, saaledes at Dørvogteren af dem, der samtidig melde sig, indlader den først, hvis Navn staar forrest paa Valglisten.

Saa snart Vælgeren kommer ind i Valglokalet, henvender han sig til Valgbestyrelsens Formand, der leverer ham en Stemmeseddel, saafremt Valgbestyrelsen kender ham, og hans Navn staar paa Valglisten.

Kender Valgbestyrelsen ikke vedkommende, gives der ham Adgang til at indføre med sig 2 Vælgere, som Valgbestyrelsen kender, og saafremt disse erklære paa Tro og Love, at han er den, han siger, er derved tilvejebragt et tilstrækkeligt Bevis men Bemærkning derom tilføres Valgbogen. Derefter gaar bemeldte Vidner ud af Lokalet, men Vælgeren bliver tilbage.

Nr. 18. 3. október.

34. gr.

